

Mosfellsbær
b.t. Kristins Pálssonar, skipulagsfulltrúa

Reykjavík, 3. apríl 2023

Efni: Heimild til að auglýsa deiliskipulagsbreytingu fyrir spildu L 125371 úr landi Miðdals I.

Leitað var til Teiknistofunnar Storðar ehf um að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir spildu úr landi Miðdal I í Mosfellsdal og er spildan með landnúmer 125371. Skráð stærð spildunnar er 11.236 m² eða 1,1 ha.

Landið fellur samkvæmt Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 undir frístundasvæði 529-F, en ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir þetta land. Engin nærliggjandi deiliskipulagsáætlun hentaði til að tengja landspilduna við og gera tillögu að breytingu á fyrirliggjandi deiliskipulagi. Af þeim sökum er þetta sent inn sem tillaga að nýju deiliskipulagi.

Deiliskipulagstillagan er í fullu samræmi við ákvæði og landnotkun í aðalskipulagi, í samræmi við skipulagslöggjöf og reglugerðir. Einnig er unnið í samræmi við upplýsingar frá skipulagsfulltrúa.

Hámarks byggingarmagn á lóðinni er 200 m² fyrir frístundahús með gestahús eða geymslu.

Fyrir hönd landeigenda fyrir landspildu 125371 er hér með óskað eftir því við skipulagsyfirköld, að meðfylgjandi deiliskipulagstillaga verði auglýst. Tillagan er dagsett 1. apríl 2023 og eru tillagan ásamt greinargerð á einum uppdrætti.

Hermann Georg Gunnlaugsson
landslagsarkitekt FÍLA

Teiknistofan Storð ehf
Laugavegi 178 – 105 Reykjavík

Fylgiskjöl með umsókn um framkvæmdaleyfi við frágang á bílastæðum með gjaldtöku og nýrri þjónustuaðkomu.

1. Deiliskipulagstillaga, uppdr. dsk-1 fyrir landnúmer 125371, dags. 1. apríl 2023.